



## Verksvið talmeinafræðings við grunnskóla Kópavogs

### Hlutverk

Talmeinafræðingur framkvæmir skimanir á nemendum við upphaf skólagöngu og greiningar á málþroska einstakra nemenda ef grunur vaknar um frávik. Á grundvelli skimana og málþroskaþrófa gerir talmeinafræðingur áætlun um þjálfun viðkomandi nemenda með hliðsjón af samkomulagi velferðarráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi framburðarfrávik, málþroskafrávik og stam. Jafnframt veitir talmeinafræðingur ráðgjöf til foreldra og starfsfólks grunnskóla og er í samstarfi við þá aðila sem koma að málefnum viðkomandi nemenda.

### Stjórnun

Talmeinafræðingur vinnur undir daglegri verkstjórn skólastjóra, en yfirstjórn málaflokksins eru á höndum sérfræðiþjónustufulltrúa á grunnskóladeild Menntasviðs Kópavogs.

### Starfsfyrirkomulag

Starfstöð talmeinafræðings er í hverjum grunnskóla bæjarins.

- Athuganir og greiningar eru framkvæmdar í samráði við starfsfólk skóla og með samþykki foreldra.
- Talþjálfun nemenda fer fram á skólatíma og miðlar talmeinafræðingur upplýsingum til viðkomandi aðila um stöðu nemandans og áframhaldandi vinnu.
- Talmeinafræðingur vinnur í nánu samstarfi við kennara, foreldra og nemendur. Hann situr teymisfundi og annast viðtöl ef með þarf.
- Talmeinafræðingur annast einnig samstarf við aðra fagaðila utan skóla vegna stöðu einstakra nemenda.

### Skýrsla

Talmeinafræðingur skilar skýrslu með tölulegum upplýsingum um starfið til sérfræðiþjónustufulltrúa að vori.